

**Sp. 802. Tillaga til þingsályktunar [452. mál]**  
um gjafsóknarreglur.

Flm.: Friðjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða ákvæði laga um gjafsókn í ljósi fenginnar reynslu með það fyrir augum að auðvelda efnalitlu fólki að ná rétti sínum að lögum.

**Greinargerð.**

Alkunn er sú grundvallarregla laga og réttar nú á tímum að allir menn hafi rétt hæfi allt sitt líf frá vöggju til grafar. En rétt hæfi er hæfi til að eiga réttindi og bera skyldur. Íslenskt þjóðskipulag er enn fremur reist á þeirri meginforsendu að allir skuli vera jafnir fyrir lögum. Þessi regla er að vísu hvergi skráð berum orðum í stjórnarskránni. En segja má að andi hennar svífi yfir vötnunum. Það mun og mála sannast að óvíða hafi löggjöf verið færð svo mjög til samræmis við þessa jafnréttisreglu og hér á landi.

Á hinn bóginn getur aðstaða manna til að ná rétti sínum verið mjög misjöfn. Það fer mikið eftir efnun og ástæðum og ýsmum atvikum. En öll réttarríki, sem vilja kenna sig við menningu og mannúð, hljóta að leggja kapp á að styðja þegna sína til sjálfsbjargar og gera þeim kleift að ná rétti sínum og njóta hans.

Um gjafsókn er fjallað í XI. kafla laga nr. 85 frá 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði. Þar er orðið gjafsókn notað bæði um gjafsókn og gjafvörn. Þar segir m.a. að dómsmálaráðuneytið veiti gjafsókn. Athuga skuli málstað umsækjanda eftir föngum áður en gjafsókn er veitt. Gjafsókn megi m.a. veita kirkjum, skólum og sjúkrahúsum og stofnunum sem hafa að markmiði umönnun sjúkra og aðra mannúðar- og líknarstarfsemi. Enn fremur einstökum mönnum sem eru svo illa stæðir fjárhagslega að þeir mega ekki án þess fjár vera frá framfærslu sinni eða sinna, eða frá atvinnurekstri sínum er fara mundi til málsins.

Nokkrum ákvæðum einkamálalaganna hefur verið breytt og önnur hafa verið í endurskoðun. En að meginstofni til eru þau rúmlega hálftrar aldar gömul. Þau hafa dugað vel, en eðli laga er að breytast með breyttum tímum því að öll löggjöf ber „keim og eim síns aldars“ . Hún er barn síns tíma. Engum lögum á þó að breyta breytinganna vegna heldur aðeins ef ný viðhorf og nýjar þarfir krefjast þess.

Í framhaldi af þessu er rétt að nefna nokkur atriði úr lögum og framkvæmd laga sem leggja verður höfuðáherslu á og öll ganga í þá átt að upplýsa almenning og aðstoða eftir bestu föngum.

Öll fræðsla er afar mikilvæg. Þar verður sjálft dómsmálaráðuneytið að ganga á undan með góðu fordæmi svo sem sjálfsagt er. Vel fer á því að mínum dómi að þar starfi sérstakur upplýsingafulltrúi sem leiðbeint getur fólki og gefið því góð ráð um það hvernig það fái náð rétti sínum með skjótum og öruggum hætti. Að sjálfsögðu leggur ráðherra sjálfur ásamt öllu starfsfólki ráðuneytisins kapp á að greiða götu manna með ráðum og dád.

Þá er næst að nefna dæmi um opinbera starfsmenn sem vinna á vegum ráðuneytisins um allt land, beint og óbeint.

Hlutverk lögreglumanna er að halda uppi lögum og reglu, en jafnframt að „greiða götu manna þar sem það á við“ eins og segir í lögnum. Þetta á að vera eitt af meginboðorðum löggæslumanna.

Sýslumenn, bæjarfógetar og sérstakir lögreglustjórar starfa hver á sínum vettvangi um allt land (í Reykjavík: borgardómari, borgarfógeti, sakadómari, lögreglustjóri, tollstjóri, svo og Rannsóknarlögregla ríkisins, segir í lögum). Þessi embætti eru ákaflega mikilvægar stofnanir að því leyti að þau veita landsmönnum afar þýðingarmikla þjónustu og miðla hagnýtum upplýsingum til þeirra sem þangað leita til þess að reka réttar síns á einn eða annan veg. Þessi þjónusta er ýmist lögbundin (leiðbeiningarskylda) eða veitt af fúsum og frjálsum vilja. Um embættin úti á landsbyggðinni hefur verið sagt að þau væru eins konar lögfræðilegar tryggingastofnanir fyrir fólkið sem þangað leitar með vandamál sín, smá og stór, og að sjálfsögðu jafnframt raunverulegur hluti af Tryggingastofnun ríkisins þar sem sýslumenn og bæjarfógetar hafa frá öndverðu verið umboðsmenn þeirrar merku stofnunar hver á sínum stað og eiga því auðvelt með að fræða fólk um allt sem lýtur að almanna-tryggingum.

Samkvæmt lögum nr. 13 frá 1987 hefur Alþingi nýlega kosið sérstakan umboðsmann. Hlutverk hans á að vera að kappkosta að tryggja góða opinbera stjórnsýslu. Hann á að sjá um að stjórnvöld beiti ekki nokkurn mann rangindum. Það er með öðrum orðum réttaröryggi þegnsins, einstaklingsins, sem umboðsmaður skal gera sér far um að tryggja sem best. Það verður allvandasamt verk að móta þetta nýja starf. Tvennt verður að hafa í huga:

Í fyrsta lagi að hér verði ekki um of viðamikil og kostnaðarsamt bákn að ræða. Í annan stað að hinn nýi embættismaður fái næga fjárveitingu til þess að lögin megi ná tilgangi sínum og geti orðið skjöldur og skjól þegnanna.

Loks vil ég nefna lögfræðipjónustu Orators við almenning. Árum saman hefur Orator, félag lögfræðinema við Háskóla Íslands, boðið almenningi upp á ókeypis lögfræðilega aðstoð um tíma á hverjum vetri. Í þessu skyni hefur félagið fengið nokkurn styrk af opinberu fé. Lengi hefur Orator verið eitt allra öflugasta og athafnasamasta félag í Háskólanum. Á þess vegum er *Úlfjótur* sem telja má eitt elsta og virtasta lögfræðitímarit landsins og komið hefur út reglulega um áratugaskeið. Leiðbeiningarpjónusta laganema við almenning er mjög svo virðingarverð. Hún er í senn skóli fyrir þá sjálfa þar sem þeir geta séð svipmyndir af raunhæfum verkefnum, sem þeirra bíða í lífinu sjálfu, svo og aðstoð og hjálp við hinn almenna borgara sem er hollt að veita liðsinni eftir bestu getu.

Öll þau dæmi, sem nefnd eru hér að framan, eiga það sameiginlegt að það kostar allmikið fé að framkvæma þau á þann veg að heitið geti góð þjónusta við almenning í landinu. Það er ekki nóg að setja saman góða löggjöf ef efni skortir til að framkvæma hana svo sem vera ber. En við verðum að horfast í augu við þá staðreynd að það er dýrt að reka fámennt þjóðfélag af fullri reisu því að „margs þarf búið við“.

En sjálfstæðisbaráttan er eilíf og dagleg lífsbarátta verður að miðast við það að sérhver þjóðfélagsþegn fái náð þeim rétti sem honum ber að lögum og notið hans.